

Krafan vegna lánsins sem kallað var „síðasta lánið undir sólinni sem ætti að afskrifa“ er komin til gamla Landsbankans frá Arion banka. Björgólfur Thor Björgólfsson og faðir hans voru í sjálfskuldarábyrgð fyrir láninu sem stendur í sex milljörðum króna. Arion banki og Landsbankinn skiptu á kröfu á hendur Björgólfi og Exista til að bæta stöðu sína í skuldauppgjöri og nauðasamningum þessara tveggja aðila.



» Ekkert bendir til að Björgólfur sé búinn að greiða Landsbankanum þessa sex milljarða króna kröfu.

Kröfuskipti Krafa sem Arion banki átti á hendur Björgólfi Thor Björgólfssyni og Björgólfi föður hans hefur færst yfir til gamla Landsbankans frá Arion banka í skiptum fyrir kröfu á hendur Exista. Fæðgarnir voru í sjálfskuldarábyrgð fyrir láninu sem stendur í sex milljörðum.

ARION-SKULD BJÖRGÓLFSSON KOMIN TIL LANDSBANKANS

INGI F. VILHJÁLMSON

heltusgjafi skrifar: ingi@dv.is



Sex milljarða króna krafa Arion banka á hendur Björgólfi Thor Björgólfssyni, fjárfesti og fyrrverandi eiganda Landsbankans, er komin í eigu gamla Landsbankans, samkvæmt heimildum DV. Krafan er tilkomin vegna láns sem tekið var árið 2005 vegna fjárfestinga í félaginu Samson Properties. Björgólfur Thor er í sjálfskuldarábyrgð fyrir láninu. Skilanefnd Landsbankans sér því nú um innheimtu kröfunnar.

Lán þetta er orðið frægt þar sem greint var frá því, fyrst eftir að sagt var frá því í fjölmiðlum í fyrra, að lánið hefði verið tekið í Búnaðarbankanum til að kaupa Landsbankann árið 2002. Síðar kom í ljós að um annað lán væri að ræða. Þeir Björgólfssöðgar voru báðir í sjálfskuldarábyrgð fyrir láninu en þar sem Björgólfur Guðmundsson hefur verið úrskurðaður gjaldþrota hvílur krafa á Björgólfi Thor einum.

DV leitaði eftir staðfestingu á kröfuskiptunum hjá Ragnhildi Sverrisdóttur, talsmanni Björgólfs Thors. Svar Ragnhildar var á þá leið að hún gæti ekki tjáð sig um málið. „Björgólfur Thor er bundinn trúnaði við kröfuhafa sína og getur ekki tjáð sig um einstök atriði skuldauppgjörs síns.“

Skuldin ógreidd

DV sagði frá því á miðvikudaginn að liður í nýlegu skuldauppgjöri Björgólfs Thors hefði verið samkomulag við Arion banka um að hann fengi þriggja ára frest til að greiða skuldina. Uppgjörði á þessari skuld er hins vegar ekki inni á borði hjá Arion banka heldur hjá skilanefnd gamla Landsbankans, samkvæmt þessum nýju upplýsingum sem DV hefur undir höndum. Því er ekki rétt að orða það svo að Arion banki hafi gert samkomulag um kröfuna við Björgólfi Thor heldur er hún hluti af samkomulagi Landsbankans við fjárfestinn. Í staðinn fyrir kröfuna á hendur Björgólfi Thor fær Arion banki kröfu á hendur Exista sem Landsbankinn átti.

Aður hefur komið fram í fjölmiðlum að gamli Landsbankinn gerði samkomulag við Björgólfi Thor sem felur það í sér að fjárfestirinn fær nokkurra ára frest til að standa skil á 27 milljörðum króna sem hann er í sjálfskuldarábyrgð fyrir við bankann. Ekki er vitað með vissu hvort sex milljarða króna krafa Arion banka sé þar á meðal.

Ekkert bendir til að Björgólfur sé búinn að greiða Landsbankanum þessa sex milljarða króna kröfu og mun endanlegt uppgjör á skuldinni væntanlega fara fram þegar gengið hefur verið frá sólnni á lyfjafyrirtækinu Actavis sem hann er eigandi að. Gamli Landsbankinn mun hins vegar vera með traust veð í Actavis



Til Arion Krafa Landsbankans á hendur Exista er nú komin til Arion banka í skiptum fyrir Björgólfskröfuna.

fyrir þessari tilteknu skuld og verður hún því væntanlega greidd á endanum þegar gengið verður frá sölu lyfjafyrirtækisins. Greiðsla á skuldinni er því frestað um nokkur ár.

Innheimtuhagræði ástæðan

Ástæðan fyrir því að bankarnir tveir skiptust á kröfunum mun vera sú að báðir bankarnir hafi séð innheimtuhagræði í því að fá kröfur hins bankans til sín. Exista er einn stærsti

skuldari Arion banka og Björgólfur Thor er með stærri skuldurum Landsbankans. Á móti kemur að Björgólfur Thor er ekki nærri því eins stór skuldari Arion banka og Exista er sömuleiðis ekki eins stór skuldari hjá Landsbankanum. Með þessum skiptum eru báðir bankarnir því að styrkja stöðu sína gegn tveimur stórum skuldurum með því að bæta við sig kröfum annarra fjármálafrítækja á hendur þeim. Landsbankinn

styrkir stöðu sína í skuldauppgjöri Björgólfs Thors og Arion banki styrkir sína stöðu í nauðasamningum Exista sem nú hafa verið samþykktir.

Skilanefnd gamla Landsbankans mun hafa hvatt til þessara kröfuskipta sem voru liður í skuldauppgjöri Björgólfs Thors við lánardrottina sína. Kröfuskiptin voru því gerð með hagsmuni þessara tveggja lánardrottina Björgólfs Thors að leiðarljósi.